

**Nd.**

## **55. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Flm.: Ísleifur Högnason, Einar Olgeirsson.

### **1. gr.**

Á 1. gr. laganna séu gerðar eftirfarandi breytingar:

1. Við II. flokk — 7. kafla.
  - a. 1. liður (kartöflur). Í stað vörumagnstolls 200 komi: 50.
  - b. 3. liður (laukur). Í stað verðtolls 30% komi: 5%.
  - c. 11. liður (baunir, ertur). Verðtollur fellur niður.
2. Við II. flokk — 8. kafla.
  - a. 2. liður (appelsínur). Verðtollur falli burt.
  - b. 6. liður (epli). Verðtollur falli burt.
3. Við II. flokk — 10. kafla.
  - 1.—7. liður (korn ómalað). Verðtollur falli burt.
4. Við II. flokk — 11. kafla.
  - 1.—15. liður (kornvörur til manneidis). Verðtollur falli burt.
5. Við IV. flokk — 17. kafla (sykur).
  - 1.—7. liður.
    - a. Í stað vörumagnstolls 20 komi: 10.
    - b. Verðtollur falli burt.
6. Við IV. flokk — 19. kafla.
  2. liður (bökunarduft). Verðtollur falli burt.
7. Við XI. flokk — 52. kafla.
  - a. 1. liður (regnkápur). Verðtollur falli burt.
  - b. 2. liður (sjóklæði). Verðtollur falli burt.
  - c. 3. liður (önnur). Verðtollur falli burt.
8. Við XII. flokk — 54. kafla (skófatnaður).
  - a. 3. liður. Verðtollur falli burt.
  - b. 7. liður. Í stað verðtolls 15% komi: 5%.

- c. 9. liður. Í stað verðtolls 40% komi: 5%.
- d. 10. liður. Í stað verðtolls 15% komi: 5%.
- 9. Við XIII. flokk — 59. kafla (búsáhöld úr leir).  
9. liður. Í stað verðtolls 30% komi: 10%.
- 10. Við XIII. flokk — 60. kafla.  
a. 20. liður (hitaflöskur). Í stað verðtolls 30% komi: 10%.
- b. 21. liður (búsáhöld úr gleri). Í stað verðtolls 30% komi: 10%.
- 11. Við XV. flokk — 63. kafla.  
a. 17. liður (þakrennur). Í stað verðtolls 30% komi: 5%.
- b. 18. liður (þakrennur). Í stað verðtolls 30% komi: 5%.
- c. 25. liður (mjólkurbrúsar og aðrir brúsar og lok á þá stærri en 10 l.).  
Liðurinn falli burt.
- d. 84. liður (búsáhöld og eldhúsáhöld úr járn og stáli — önnur).  
Í stað verðtolls 30% komi: 10%.

## 2. gr.

Við „Ákvæði um stundarsakir“.

c-liður orðist þannig:

Meðan greidd eru hækkuð farmgjöld og váttryggingar af vörum, sem fluttar eru frá erlendum höfnum til Íslands, vegna styrjalдарástands, skal við útreikning verðtolls draga svo háa hundraðstölu frá þessum gjöldum sem hækkuninni nemur.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Þó að hér verði eigi reynt að gera verðlagsvísitölur kauplagsnefndar sennilegri en þær eru almennt skoðaðar, mun óhætt að nota þær sem sönnun þess, að dýrtíð fari hér stöðugt vaxandi. Eigi aðeins alþýða landsins, heldur og leiðtogar flokka þeirra, sem ríkisstjórnina styðja, hafa ótvírætt látið það álit uppi, að stemma beri stigu við áframhaldandi vexti dýrtíðarinnar. Ein aðalorsök þessarar dýrtíðar er hækkun sú á verðtolli, sem haustþingið 1939 samþykkti. Við, sem þetta frumvarp flytjum, greiddum atkvæði gegn tollskránni, og hafi tollahækkun sú, sem þá var gerð, þá verið ósanngjörn, er hún nú orðin óþolandi og með öllu óþörf.

Í stað þess að taka tekjur ríkisins af neytluvörum fólks og skerða á þann hátt æ meir hinn skarða hlut þeirra fátækustu, er rétt og sanngjarnt að taka þessar tekjur af þeim óhemjugróða, sem örfáir fjárbrallsmenn hafa mokað saman í skugga og skjóli múgmorða þeirra, sem nú eru framin í Evrópu.

Frumvarp okkar fer ýmist fram á lækkun til stórra muna eða niðurfelling verðtolls á helztu nauðsynjavörum almennings og myndi, ef samþykkt næði, lægja dýrtíðina allverulega.

Þá má geta þess, að þegar tollskráin var samþykkt, var í niðurlagi hennar sett ákvæði til bráðabirgða, þar sem fjármálaráðherra var heimilað að draga frá farmgjöldum svo háa hundraðshluta sem hækkun gjaldanna nemur af völdum ófriðarins. Heimild þessi hefir ekki verið notuð, sem einhverjir þingmenn hafa þó ef til vill ætlað til, að yrði.

Þess vegna gerum við tillögu um breytingu á þessu bráðabirgðaákvæði, sem skyldar þennan frádrátt, en það myndi þýða talsverða linun á verðtollinum.

Að sjálfsögðu mætti gera fleiri ráðstafanir til þess að draga úr dýrtíðinni, en lækkun tolla á neytluvörum er áreiðanlega ein öruggasta leiðin til að ná árangri, og ber að skoða undirtektir þingmanna undir frumvarp þetta sem prófstein á heilindi þeirra, sem segjast vilja reisa skorður við dýrtíðinni.